

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 16 20. janúar 1978, sbr. reglugerð  
nr. 174 27. apríl 1979 um skotvopn og skotfæri.

### 1. gr.

1. tl. 3. gr. orðist þannig:

1. Haglabyssur númer 12, og með minni hlaupvídd, margskota, þó eigi sjálfvirkum.

### 2. gr.

21. gr. orðist þannig:

Óheimilt er að flytja til landsins til almennrar sölu skotvopn, sem eingöngu eru ætluð til nota í hernaði, svo og sjálfvirk skotvopn, og ennfremur hálf sjálfvirka riffla. Dómsmálaráðuneytið getur, ef nauðsyn ber til, veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

### 3. gr.

34. gr. orðist þannig:

Hnífaburður er bannaður á almannafæri nema vegna sérstakra tilfella svo sem við vinnu, á veiðum eða önnur slík tilvik sem hnífaburður telst eðlilegur og sjálfsgæddur við. Bann þetta nær þó ekki til venjulegra vasahnífa sem eru með mest 7 cm löngu blaði.

Bannað er að flytja til landsins, framleiða eða eiga:

1. Bitvopn ef blaðið er lengra en 12 cm, fjaðrahnífa, fjaðrarýtinga, fallhnífa, fallrýtinga eða önnur slík vopn.
2. Högg eða stuðvopn svo sem hnúajárn, gaddakylfur, felukylfur eða önnur slík vopn.
3. Kaststjörnur, kasthnífa eða önnur slík vopn.
4. Lásboga eða slöngubyssur svo og sérstaklega hættulegar tegundir örvaodda fyrir langboga sem ætlaðir eru til veiða.
5. Eftirlíkingar skotvopna hvort heldur ætlaðar eru til að skjóta úr gasi, merkjablysum eða púðurskotum enda sé hér um að ræða eftirlíkingar sem erfitt er að greina frá fyrirmyndinni og jafnvel hægt að gera virk sem skotvopn.

Öðrum en lögregluþyriföldum er óheimilt að flytja til landsins, framleiða eða eiga handjárn, fótajárn úr málm eða öðru efni svo og kylfur, sem ekki eru ætlaðar til íþróttaiðkunar.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í lögum nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda, öðlast gildi 1. janúar 1989.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. október 1988.*

F. h. r.  
**Þorsteinn Geirsson.**

*Hjalti Zóphóníasson.*

B 86